



# Veðurstofa Íslands Greinargerð

"ADVICE" [ENV4 - CT95 - 0129]

**Hilmar Garðarsson**

## **Æviatriði nokkurra manna sem komu við sögu íslenskra veðurathugana fyrir 1872**

**Early Meteorological Observations in Iceland,  
short biographical notes**

VÍ-G98029-ÚR24  
Reykjavík  
Júlí 1998

Í þessu hefti eru tekin saman helstu æviatriði nokkurra manna sem koma við sögu veðurathugana á Íslandi fyrir 1872 (þegar danska veðurstofan var stofnsett). Vinna þessi er hluti af svonefndu ADVICE verkefni (ENV4-CT95-0129) sem er hluti af 4. rammaáætlun Evrópusambandsins um umhverfismál.

Nöfnum Íslendinga er raðað í starfrófsröð eftir eiginnöfnum, en útlendingum eftir ættarnöfnum. Nafnaskráin aftast er einungis til hægðarauka þeim sem vanir eru ætta- eða föðurnafnalistum.

This compilation is a spin-off from the European Union sponsored ADVICE project (ENV-CT-0129, project coordinator: dr. Trevor Davies, Climatic Research Unit, University of East Anglia).

- EFNISYFIRLIT -

Íslenskir menn	bls. 2
Erlendir menn	bls. 10
Heimildir	bls. 11
Nafnaskrá (index of names)	bls. 12

Gísli Kristjánsson aðstoðaði við útgáfuna.

## Íslenskir menn

Árni Thorlacius (12. maí 1802 – 29. apríl 1891). Hann nam tungumál og verslunarfræði í Kaupmannahöfn á árunum 1815–1817 við Westéns og Brendstrups skóla. Að námi loknu hóf Árni verslun í Stykkishólmi og hafði þar mikil umsvif. Jafnframt sinnti hann ýmsum fræðistörfum, rannsakaði ættartölur, tímatal í Íslendingasögum, örnefni í Þórsnesþingi og átti í bréfaskiptum við Jónas Hallgrímsson og Jón Sigurðsson um það efni. Þá gerði Árni veðurathuganir í Stykkishólmi frá því í desember 1845 og þar til 30. júní 1889.

Bjarni Pálsson landlæknir (17. maí 1719 – 8. september 1779). Nam í Hólaskóla, varð stúdent 11. júlí 1745. Skráður í stúdentatölu Kaupmannahafnarháskóla 8. desember 1746. Varð baccalaureus 1. júlí 1748. Las læknisfræði og grasufræði sem þá var hluti læknanámsins. Bjarni ritaði bók um þörungum og söl. Hann ferðaðist um Ísland ásamt Eggert Ólafssyni (sbr. hér að ofan) á árunum 1752–1757. Skipaður fyrsti landlæknir á Íslandi 18. mars 1760 og hélt því embætti til dauðadags. Bjó fyrst að Bessastöðum en síðan alla tíð í Nesi við Seltjörn.

Björn Halldórsson prestur (14. nóvember. 1823 – 19. desember 1882. Lærði 3 vetur hjá sr. Jóni Kristjánssyni á Ystafelli, tekinn í efra bekk Bessastaðaskóla 1840, stúdent 1844. Stundaði síðan kennslu og sýsluritarastörf. Hóf nám í prestaskólanum 1848 og tók próf 1850. Aðstoðarprestur að Laufási 5. september 1852 og fékk prestakallið 1853. Prófastur í öllu Þingeyjarþingi 1863–1869 og í Suður-Þingeyjarþingi 1869–1882.

Eggert Jónsson (Johnsen) læknir (29. júlí 1798 – 29. júlí 1855). Stúdent hjá sr. Árna Helgasyni 14. janúar 1816. Var síðan verslunarmaður við Búðir í 1 ár, skrifari hjá Magnúsi Stephensen dómstjóra 1818–1826 og barnakennari í Reykjavík veturinn 1826–1827. Nam handlækningar 1827–1832. Fékk læknisembætti í Eyjafjarðar- og Þingeyjarsýslum og hélt til dauðadags. Sat á Akureyri.

Eggert Ólafsson (1. desember 1726 – 30. maí 1768). Hann nam aðallega almenna náttúrufræði við Kaupmannahafnarháskóla. Eggert samdi rit um myndun Íslands af eldi. Á árunum 1752–1757 ferðaðist hann ásamt bjarna Pálssyni um Ísland með tilstyrk danska vísindafélagsins. Ferðuðust þeir um nær allar byggðir landsins og nokkuð um hálendið einnig. Þeir rannsökuðu ítarlega flesta þætti í náttúru Íslands og hagi þjóðarinnar. Rannsóknir þeirra þóttu með miklum ágætum og var þeim boðið að rita um þær bók en um það leyti var Bjarni skipaður landlæknir og kom það því í hlut Eggerts að draga saman helstu niðurstöður og rita ferðabókina. Ferðabókin þykir eitt merkasta rit sem út hefur komið um náttúru Íslands og þjóðlíf.

Eyjólfur Jónsson (Johnsonius, eins og hann kallaði sig) (1735 – 21. júlí 1775). Tekinn í Skálholtsskóla 1754, stúdent þaðan 26. apríl 1757. Sagður mikill gáfumaður og hugvitsmaður. Hafði umsjón með gerð og smíði steinhúsanna á Bessastöðum og í Nesi við Seltjörn frá 1760 þar til hann fór utan til náms haustið 1762. Skráður í stúdentatölu Kaupmannahafnarháskóla 15. janúar 1763. Baccalaureus í heimspeki 29. júlí 1763. Lauk embættisprófi í guðfræði 3. desember 1766. Varð skömmu síðar rannsóknarmaður (observator) í stjörnuathuganastöð Kaupmannahafnar. Varð ritari Landsnefndarinnar fyrri og var skipaður stjórnumeistari og landmælingamaður en hann andaðist skömmu síðar og kom litlu sem engu í verk.

Eyjólfur Moh (Jónsson) (13. júlí 1745 – ?). Tekinn í Skálholtsskóla 1763, stúdent þaðan 1770 með allgóðum vitnisburði um gáfur og miklu hóli fyrir hagleik. Skráður í stúdentatölu Kaupmannahafnarháskóla 24. desember 1771. Honum var ætlað að verða observator eftir Eyjólf Johnsonius en horfið var frá því vegna þess hve hirðulaus hann þótti við námið; hann hætti að sækja fyrirlestra og fékkst ekki til að koma í Sívalaturn til æfinga í stjörnufræði þrátt fyrir ítrekaðar áminningar. Vel má þó vera að þetta brotthvarf hafi tengst alræmdum deilum P. Horrebow og T. Bugge.

Gísli Brynjólfsson dr., prestur (25. ágúst (29. ágúst, Bessastsk.) 1794 – 26. júní 1827). Tekinn í Bessastaðaskóla 1810, stúdent 1812, með ágætiseinkunn í öllum námsgreinum utan einni. Skrifari Stefáns Þórarinssonar amtmanns 1813. Fór utan til náms 1815, skráður í stúdentatölu í háskólanum í Kaupmannahöfn 24. maí. Lauk 2. lærdómsprófi 1816, embættisprófi í

guðfræði 1. nóvember 1819 með 1. einkunn. Naut styrks til náttúruvísinda í 3 ár (1820–1823). Hlaut doktorsnafnbót í heimspeki 1823 fyrir ritgerð um rúnir. Fékk veitingu fyrir Hólmum í Reyðarfirði 1822, vígður til prests í Kaupmannahöfn s.á. og hélt því þar til hann drukknaði á Reyðarfirði 1827.

Grímur Jónsson amtmaður (12. október 1785 – 7. júní 1849). Stúdent úr Reykjavíkurskóla eldra 1802. Síðan skrifari hjá Ólafi Stefánssyni stiftamtmani. Skráður í stúdentatölu Kaupmannahafnarháskóla 30. maí 1805. Tók 2. lærdómspróf 1806, lauk prófi í lögfræði 16. apríl og 28. apríl 1808. Tók herforingjapróf 1810 og hlaut nafnbætur í hernum. Bæjarfógeti í Skelskör 1819, amtmaður norðan og austan 1824, bæjarfógeti í Middelfart 1833 og aftur amtmaður norðan og austan 1842 og var það til dauðadags.

Guðlaugur Sveinsson prestur í Vatnsfirði (1731 – 15. nóvember 1807). Lærði í Skálholtsskóla og þótti ágætur námsmaður. Honum var skipað að taka við Stað á Snæfjallaströnd 1756, fékk Kirkjuból í Langadal vorið 1766 og bjó þar. Settur prófastur í Norður-Ísafjarðarsýslu 3. október 1772. Tók við Vatnsfirði 1780 og hélt til dauðadags. Vel að sér og vel gáfaður, fróðleiksmáður og læknir góðður. Hann samdi Vatnsfjarðarannál yngri.

Guðlaugur Þorgeirsson (Thorgeirsson) prestur (22. ágúst 1711 – 25. mars 1789). Tekinn í Skálholtsskóla 1724, stúdent 1732. Varð skrifari Jóns biskups Árnasonar þá um haustið en heyrari (konrektor) í Skálholti haustið 1734 og var það í 8 ár. Fékk Stórólshvols- og Skúmsstaðaping 5. janúar 1742 og vígðist 5. ágúst það ár. Bjó í Forsæti í Landeyjum. Fékk Garða á Álftanesi 1746. Lét af prestskap 1781. Prófastur í Kjalarnesþingi 1747–1781. Flutti frá Görðum haustið 1788 að Nesi við Seltjörn og andaðist þar.

Halldór Einarsson sýslumaður (25. desember 1796 (1797, Bessastask.) – 22. nóvember 1846. Tekinn í Bessastaðaskóla 1811, stúdent 1818. Var síðan skrifari hjá Stefáni Stephensen amtmani um hríð. Hóf nám við Kaupmannahafnarháskóla 1823, tók 2. lærdómspróf 1824, lauk bóklegu prófi í lögum 27. október 1827 með 1. einkunn og verklegu prófi með 1. einkunn 2. nóvember 1831 með 1. einkunn eftir að hafa 4 sinnum fengið 2. einkunn. Vann að skriftum í rentukammeri, varð skrifari í leyðarskjalasafni 27. október 1830 og um skeið styrkþegi

Árnasafns. Fékk Borgarfjarðarsýslu 11. apríl 1835 og hélt til æviloka. Þjóf í Höfn í Melasveit. Var utanlands veturinn 1837–1838 og hugðist safna efni í íslenskt lagasafn.

Hannes Finnsson biskup (8. maí 1739 – 4. ágúst 1796). Tekinn í Skálholtsskóla 1753, stúdent 31. maí 1755. Skráður í stúdentatölu Kaupmannahafnarháskóla 19. desember s.á. Tók próf í heimspeki 30. júní 1757 með 1. einkunn, baccalaureus 6. ágúst s.á. Var heima sumarið 1758. Fékk verðlaun 1760 fyrir kristnirétt Borgarþings sem hann hafði látið prenta 1759–1760. Lauk guðfræðiprófi 20. júní 1763 með 1. einkunn. Aðstoðarmaður föður síns 1767–1770. Var við fornfræðirannsóknir í Kaupmannahöfn 1770–1775. Kirkjuprestur í Skálholti 1775, hlaut biskupsvígslu 1777 og settur föður sínum til aðstoðar í biskupsembætti s.á. Tók við biskupsembætti 1785 og hélt til æviloka. Hlaut doktorsnafnbót í guðfræði 31. júlí 1790. Hann var fjölmenntaður að hætti upplýsingarmanna, vel að sér í tungumálum, náttúrufræðum, hagfræði og auðvitað guðfræði, sögu Íslands, mannfræði og ættvísi. Hann lét ýmis framfaramál til sín taka.

Helgi Sigurðsson konrektor, bóndi (um 1743–1819). Tekinn í Skálholtsskóla 1755, stúdent 23. maí 1761, með ágætis vitnisburði. Var síðan í þjónustu Finns biskups Jónssoanr. Fór utan 1766, skráður í stúdentatölu 22. desember. Kom heim 1769, þjáður af þunglyndi svo að nærri lá geðbilun og oft rúmfastur 1769–1771. Var síðan að einhverju leyti í þjónustu Finns biskups, settur konrektor í Skálholti 1781–1784, kenndi nemendum undir skóla 1784–1787. Fór þá í þjónustu Jóns sýslumanns Jónssonar að Móeiðarhvoli 1787 og var síðar ráðsmaður ekkju hans og bjó þar til æviloka.

Jón Árnason bókavörður (17. ágúst 1819 – 4. september 1888). Stúdent frá Bessastaðaskóla í maí 1843. Var síðan lengi hjá Sveinbirni Egilssyni og kenndi sonum hans og var stundakennari í latínuskólanum, bókavörður í landsbókasafni 1850–1887, biskupsskrifari 1856–1867, umsjónarmaður í latínuskólanum 1867–1879. Í stjórn Reykjavíkurdeildar hins íslenska bókmenntafélags 1848–1854, 1859–1870 og 1873–1875. Hann safnaði og gaf út Íslenskar þjóðsögur.

Jón Guðmundsson prestur (28. nóvember 1809 – 27. maí 1844). Lærði hjá föður sínum, tekinn í Bessastaðaskóla 1827. Stúdent 5. júní 1833. Vígðist 17. ágúst 1834 aðstoðarprestur föður síns að Staðarstað og prófastsdæmi í Snæfellsnessýslu eftir hann til vors 1838. Fékk Helgafell 19. maí s.á. og hélt til æviloka. Gegndi enn prófastsdæmi 1839–1841 og frá því um haustið 1843 til æviloka.

Jón Thorsteinsson landlæknir (7. júní 1794 (1795, Bessastsk.) – 15. febrúar 1855). Tekinn í Bessastaðaskóla 1811, stúdent 1815 með mjög góðum vitnisburði. Skráður í stúdentatölu Kaupmannahafnarháskóla 19. október s.á. Tók 2. lærdómspróf 1816 með ágætiseinkunn, próf í læknisfræði 2. júlí 1819 með ágætiseinkunn. Stundaði spítalastörf í Kaupmannahöfn til vors en hafði orðið landlæknir 7. desember 1819 og hélt því starfi til æviloka. Þjó fyrst að Nesi við Seltjörn en 1833 fékk hann leyfi til að flytjast til Rv.

Jónas Hallgrímsson skáld (16. nóvember (16. október, Bessastsk.) 1807 – 26. maí 1845). Tekinn í Bessastaðaskóla 1823, stúdent 1829, með heldur góðum vitnisburði. Skrifari hjá landfógeta í Reykjavík. Fór utan 1832. Lauk í háskóla í Kaupmannahöfn 1. og 2. lærdómsprófi með 1. einkunn. Las fyrst lögfræði, síðan náttúrufræði og bókmenntir. Fékk styrk úr ríkissjóði 1839 til náttúrurannsókna á Íslandi og dvaldi hér næstu 4 árin, ferðaðist um landið á sumrin en dvaldi í Reykjavík á veturnum. Var í Kaupmannahöfn og Sórey frá 1842 til æviloka. Hafði styrk frá bókmenntafélaginu til landlýsingar Íslands en að hans frumkvæði fékk félagið sýslumenn og presta landsinstil að semja sýslu- og sóknarlýsingar. Það var einnig að hans frumkvæði að allmargir prestar hófu veðurathuganir laust fyrir miðja 19. öld.

Jónas Jónassen landlæknir (18. ágúst 1840 – 22. nóvember 1910). Tekinn í Reykjavíkurskóla 1854, stúdent 1860. Tók próf í læknisfræði við Kaupmannahafnarháskóla 10. júní 1866. Var síðan um tíma læknir á spítölum í Kaupmannahöfn. Gerðist 3. ágúst 1868 aðstoðarmaður landlæknis í læknakennslu og aukalæknir í Kjósarhéraði og Borgarfirði og jafnframt læknir Reykjavíkurspítala. 1. september 1873 var hann settur til að gegna héraðslæknisstörfum landlæknis og skipaður 21. febrúar 1876 í 1. læknishéraði Reykjavíkur. Settur landlæknir 30. ágúst 1881, aftur 23. ágúst 1895, skipaður 7. nóvember s.á., fékk lausn 19. júlí 1906. Kennari í læknaskólanum frá stofnun hans til 1906, forstöðumaður skólans frá október 1881 til október

1882 og 1895–1906. Dr. med í háskólanum í Kaupmannahöfn 30. júní 1882. Þingmaður Reykvíkinga 1886–1891 og konungskjörinn þingmaður 1899–1903. Ritaði talsvert um læknisfræði, bækur og tímaritsgreinar.

Magnús Ketilsson sýslumaður (29. janúar 1732 – 18. júlí 1803). Tekinn í Hólaskóla 10. maí 1745, stúdent 10. maí 1749. Var síðan í þjónustu Sveins lögmanns Sölvasonar til 1751 en fór þá utan, skráður í stúdentatölu Kaupmannahafnarháskóla 18. desember 1751, tók heimspekiþróf 4. desember 1752 með 1. einkunn, lagði stund á lögfræði en tók ekki próf. Fékk Dalasýslu 19. febrúar 1754 og hélt til æviloka. Bjó fyrst í Hrapsey, flutti að Arnarbæli 1755, að Melum 1758 og að Búðardal 1762 og bjó þar til æviloka. Magnús var manna best að sér í flestum greinum. Merkur fræðimaður og liggja eftir hann mikil ritstörf.

Ólafur Pálsson (7. ágúst 1814 – 4. ágúst 1876). Stúdent frá Bessastaðaskóla 10. júní 1834. Gerðist síðan kennari og skrifari á Möðruvöllum hjá Bjarna Thorarensen amtmanni. Djákn Möðruvallaklausturs rúmt ár áður en hann hélt utan til náms 1837. Tók 1. lærdómsþróf 1837, 2. lærdómsþróf 1838, guðfræðiþróf 26. apríl 1842. Fékk Reynivelli í Kjós 27. apríl 1843, Holt undir Eyjafjöllum 3. desember 1846 en fór þangað ekki, Stafholt 18. apríl 1847, varð dómkirkjuprestur í Reykjavík 10. september 1854, fékk Mel 23. maí 1871 og hélt til æviloka. Prófastur í Mýrasýslu 1851–1854, í Kjalarnesþingi 1856–1871 og í Húnavatnsþingi 1872–1876.

Páll Björnsson í Selárdal (1621 – 23. október 1706). Stúdent frá Hólaskóla 1641 við mikinn orðstír, skráður í stúdentatölu í Kaupmannahafnarháskóla 13. desember s.á., varð baccalaureus 25. maí 1644 og attestatus. Konrektor í Hólaskóla veturinn 1644–1645, vígðist að Selárdal 25. mars 1645, tók við öllum staðnum 1647 og hélt til æviloka. Var prófastur í Barðastrandarsýslu í yfir 50 ár. Páll var manna lærðastur um sína daga einkum í tungumálum (grísku og hebresku), hugvitsmaður mikill og stærðfræðingur góður og vel að sér um náttúru Íslands.

Páll Melsted (Þórðarson) amtmaður (31. mars 1791 – 9. maí 1861). Stúdent frá Bessastaðaskóla 1809. Skrifari Stefáns Þórarinssonar amtmanns til 1813. Fór þá utan til



náms. Tók próf í dönskum lögum 1815. Settur sýslumaður í Suður-Múlasýslu 3. júní s.á., fékk Norður-Múlasýslu 17. maí 1817. Þjóf á Ketilstöðum á völlum. Fékk Árnesþing 24. febrúar 1835 og fluttist þá að Hjálmholti. Gegndi jafnframt Rangárþingi fardagaárið 1836–1837. Gegndi stiftamtmannsstörfum sumarið 1840 og varð amtmaður í Vesturamti 12. maí 1849 og hélt því til æviloka og bjó þá í Stykkishólmi.

Pétur Pétursson prestur Víðivöllum (1. nóvember 1754 – 29. júlí 1842). Tekinn í Hólaskóla 1769, stúdent 1775. Var síðan í þjónustu Vigfúsar sýslumanns Schevings á Víðivöllum. Hóf búskap á Sjávarborg 1777. Fékk Miklabæ 15. janúar 1787, sagði þar af sér prestskap 1824. Prófastur í Hegranesþingi 1805–1814. Þjóf að Víðivöllum frá 1809 og andaðist þar.

Salomon Björnsson prestur (1. nóvember 1757 – 30. september 1834). Lærði hjá sr. Hílaríusi Illugasyni að Mosfelli, tekinn í Skálholtsskóla 1773, stúdent 30. apríl 1776. Kenndi fyrst í einn vetur að Stóra-Núpi. Fór síðan að Nesi til Bjarna landlæknis að læra læknisfræði en hvarf frá því er Bjarni lést. Fékk Berufjörð 9. apríl 1785, Ás í Fellum 12. janúar 1797 en missti þar prestskap 1799 vegna barneigna með konu er hann átti síðar. Fékk uppreisn 2. janúar 1801. Fékk Dvergastein og Mjóafjörð 8. apríl 1802 og hélt til æviloka.

Sveinn Pálsson (25. apríl 1762 – 24. apríl 1840). Tekinn í Hólaskóla 1777, stúdent úr heimaskóla frá Hálfðani rektor Einarssyni 30. apríl 1782 með góðum vitnisburði. Nam lækningar hjá Jóni landlækni Sveinssyni í Nesi og fékk námsvottorð hjá honum. Las læknisfræði og náttúrufræði við Kaupmannahafnarháskóla 1788–1791, tók próf í náttúruvísindum 1. júní 1791. Ferðaðist um Ísland á vegum Naturhistorie Selskabet í fjögur sumur 1791–1794. Hann hélt dagbók á ferðum sínum og samdi auk þess tvö smærri rit, annað um jökla og hitt um Skaftárelda (Jöklarit og Eldrit). Sveinn var í hópi fyrstu jarðfræðinga sem veitir því athygli að jökulís er seigfljótandi efni sem leitar undan halla líkt og harpix eða bik og ef Jöklaritið hefði komi út um 1800 hefði það um langa hríð skipað honum í öndvegi meðal jarðfræðinga. Varð læknir í austurhluta Suðurlands 4. október 1799, fékk lausn frá því embætti 20. nóvember 1833, settur landlæknir 25. apríl 1803 – 29. júlí 1804. Setti bú að Skála undir Eyjafjöllum 1796, fluttist að Kornmúla í Fljótshlíð 1797 og að Vík í Mýrdal 1809 þar sem hann bjó til æviloka.

Þórður Jónasson dómstjóri (26. febrúar (9. janúar, Bessastaðask.) 1800 – 25. ágúst 1880. Stúdent frá Bessastaðaskóla 1820, stundaði síðan kennslu og skrifarastörf. Tók 1. og 2. lærdómspróf við Kaupmannahafnarháskóla 1825, próf í lögfræði 1830. Vann í færmálastjórn Dana. Fékk Vaðlaþing 24. febrúar 1835 og hélt til vors 1837, varð yfirdómari í landsyfirdómi 15. september 1836, dómstjóri 31. mars 1856, fékk lausn 24. maí 1877. Gegndi jafnframt ýmsum öðrum embættum.

## Erlendir menn

Bugge, Tomas – (1740–1815). Yfirmaður stjörnurannsóknastöðvar Kaupmannahafnar í Sívalaturni frá 30. janúar 1777.

Frisak, Hans – Capt. (28. mars 1773–1834). Fæddur í Stagesókn á Hedemarken. Hann varð fendrik 1788, second-lautenant 1790, premier-lautenant árið eftir og kapteinn 1810. Gekk úr danska liðinu í hið norska 1814 þegar aðskilnaður ríkjanna varð. Fékk lausn frá herþjónustu 1818 og varð síðar "krigscommissair". Hann var við strandmælingar á Íslandi 1803–1815.

Horrebow, Christian – prófessor (1718–1776). Bróðir Niels Horrebow. Stærðfræðingur og háskólakennari. Yfirmaður stjörnurannsóknastöðvar Kaupmannahafnar í Sívalaturni.

Horrebow, Niels (1712–1760). Hann var lærdómsmaður góður í stærðfræði og stjarnvísindum. Danska vísindafélagið sendi hann til rannsókna á Íslandi 1749–1751 og ritaði Horrebow bók um dvöl sína hér *Tilforladelige Efterretninger om Island*. Þar er flestum þáttum íslenskrar náttúru gerð nokkur skil í samræmi við hugmyndir manna á þeim tíma og auk þess fylgir bókinni skýrsla um veðurathuganir sem Horrebow gerði er hann dvaldi hér og nýr uppdráttur af landinu eftir mælingum sem gerðar voru 1721–1735.

Horrebow, Peter (1728–1814). Bróðir Niels Horrebow. Stærðfræðingur og háskólakennari. Vann við stjörnurannsóknastöðina í Sívalaturni og gerði meðal annars veðurathuganir þar 1751–1776.

Lievog, Rasmus – Norskur stjörnumeistari (1739–1811). Lagði stund á latínu og guðfræði og var prestur þar til hann gerðist aðstoðarmaður (observator) við stjörnuathugunarstöð Kaupmannahafnar í Sívalaturni. Því starfi gegndi hann þar til hann tók við embætti stjörnumeistara á Íslandi 1779–1805). Auk stjörnuathugana gerði hann landmælingar og veðurathuganir.

von Scheel, Hand Jakob (1779–1851). Fæddur í Noregi skammt frá Osló. Stúdent þar 1798 og cand. philos. s.á. Gekk í herinn að námi loknu og varð lautenant, lagði sérstaklega fyrir sig stærðfræði og mælingar. Var við landmælingar á Íslandi 1807–1814. Gekk úr herþjónustu 1815. 1816–1824 var Scheel umsjónarmaður hlutaveltunnar í Kaupmannahöfn en var dæmdur frá embætti vegna sjóðþurrðar og afbrota í embættisfærslu og var settur í hegningarhús í Stege. Þar fékkst hann við útreikninga á þríhyrningamælingum þeim sem gerðir höfðu verið á Íslandi og starfaði hann við það af iðni og vandvirkni í mörg ár.

---

## Heimildir

Einar H. Guðmundsson: „Johnsonius og Lievog konunglegir stjörnumeistarar á Íslandi á 18. öld.“

Haraldur Sigurðsson: „Náttúruvísindi og landafræði.“ *Upplýsingin á Íslandi. Tíu ritgerðir.* Ritstjóri Ingi Sigurðsson. Rv. 1990, s. 269–292.

*Íslenzkar æviskrár frá landnámstímanum til ársloka 1940.* 1.–5. b. Tínt hefir saman Páll Eggert Ólason. Rv. 1948–1952.

Páll Bergþórsson: *Loftin blá.* Rv. 1957, s. 7.–13.

Þorvaldur Thoroddsen: Landfræðisaga Íslands. Hugmyndir manna um Ísland, náttúruskoðun og rannsóknir fyrr og síðar. 3. b. Kh. 1902, s. 257 og 265–266.

## Nafnaskrá — Index of Names

<p style="text-align: center;">A</p> <p>Árnason, Jón ..... 5</p>	<p style="text-align: center;">K</p> <p>Ketilsson, Magnús..... 7</p>
<p style="text-align: center;">B</p> <p>Björnsson, Páll ..... 7</p> <p>Björnsson, Salomon ..... 8</p> <p>Brynjólfsson, Gísli ..... 3</p> <p>Bugge, Tomas ..... 10</p>	<p style="text-align: center;">L</p> <p>Lievog, Rasmus..... 10</p>
<p style="text-align: center;">E</p> <p>Einarsson, Halldór..... 4</p>	<p style="text-align: center;">M</p> <p>Melsted, Páll..... 7</p>
<p style="text-align: center;">F</p> <p>Finnsson, Hannes ..... 5</p> <p>Frisak, Hans ..... 10</p>	<p style="text-align: center;">O</p> <p>Ólafsson, Eggert..... 3</p>
<p style="text-align: center;">G</p> <p>Guðmundsson, Jón..... 6</p>	<p style="text-align: center;">P</p> <p>Pálsson, Bjarni..... 2</p> <p>Pálsson, Ólafur ..... 7</p> <p>Pálsson, Sveinn ..... 8</p> <p>Pétursson, Pétur..... 8</p>
<p style="text-align: center;">H</p> <p>Halldórsson, Björn ..... 2</p> <p>Hallgrímsson, Jónas ..... 6</p> <p>Horrebow, Christian..... 10</p> <p>Horrebow, Niels ..... 10</p> <p>Horrebow, Peter ..... 10</p>	<p style="text-align: center;">S</p> <p>Sigurðsson, Helgi ..... 5</p> <p>Sveinsson, Guðlaugur ..... 4</p>
<p style="text-align: center;">J</p> <p>Jónassen, Jónas ..... 6</p> <p>Jónasson, Þórður ..... 9</p> <p>Jónsson, Eggert ..... 2</p> <p>Jónsson, Eyjólfur..... 3</p> <p>Jónsson, Eyjólfur Moh ..... 3</p> <p>Jónsson, Grímur ..... 4</p>	<p style="text-align: center;">T</p> <p>Thorgeirsson, Guðlaugur..... 4</p> <p>Thorlacius, Árni ..... 2</p> <p>Thorsteinsson, Jón..... 6</p>
	<p style="text-align: center;">V</p> <p>von Scheel, Hans Jakob..... 11</p>